

**Ed.**

## **577. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 70/1936, um breyting á þeim lögum.

Frá menntamálanefnd.

### **1. gr.**

Meginmál 1. gr. laga nr. 70 1936 orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins í viðbót við þær tekjur, sem hann hefur af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfnum, fjárhæð, sem nægir til þess, að sjóðurinn hafi ár hvert 75 þúsund krónur í heildartekjur. Á þá fjárhæð greiðist verðlagsuppbót samkvæmt meðalverðlagsvísitölu ársins. Framlagið frá áfengisverzlun ríkisins greiðist samkvæmt þessu í fyrsta sinn fyrir árið 1945.

### **2. gr.**

2. másl. 2. gr. laga nr. 54 1928 orðist svo:

Sjóðsstjórnin skal skipta ár hvert innkomnum tekjum sjóðsins frá síðastliðnu ári í þrjá jafna hluta.

### **3. gr.**

3. másl. 7. gr. laga nr. 54 1928 orðist svo:

Reikningar Menningarsjóðs skulu árlega endurskoðaðir í aðalendurskoðunar-skrifstofu ríkisins og síðan birtir í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

### **4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um málið. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Með frv. þessu er lagt til, að tekjustofn Menningarsjóðs verði gerður öruggari en verið hefur. Grunntekjur hans verði ekki minni en 75 þús. kr. ár hvert. Ákvæðið um lágmarkstekjur sjóðsins er nú 50 þús. kr., en á þá upphæð hefur ekki fengið greidd verðlagsuppbót, þar sem talið mun, að til þess bresti lagaheimild. Menntamálaráð litur þó svo á, að Menningarsjóði beri réttur til að fá verðlagsuppbót á lágmarkstekjur sínar, ef tekjur sjóðsins umfram lágmarksupphæðina nema eigi sem svarar fullri verðlagsuppbót. Til skýringar þessu skal bent á reikning Menningarsjóðs frá árinu 1945. Þá námu tekjurnar kr. 107 203.60. Meðalverðlagsvísitala ársins 1945 var 277.25 stig. Heildartekjur sjóðsins það ár hefðu því átt að nema, ef reiknað hefði verið með verðlagsuppbót, kr. 138 625.00. Til þess skorti kr. 31 421.40. Ákvæðið um 50 þús. kr. lágmarkstekjur Menningarsjóðs gekk í gildi árið 1936. Svo sem kunnugt er hefur allt verðlag og peningagildi í landinu breytt stórkostlega síðan, sbr. það, að öll laun og margir opinberir styrkir eru nú greidd með verðlagsuppbót.

Menningarsjóði er því ótvíræð nauðsyn að eiga það tryggt að fá verðlagsuppbót á tekjur sínar, ef þær fara niður fyrir ákveðið lágmark. Að þessu liggja svo augljós rök, að ekki er ástæða til að skýra það frekar.

Hér er einnig lagt til, að lágmarksgrunntekjur Menningarsjóðs verði ákveðnar 75 þús. kr., eða hækkaðar um 25 þús. kr. á ári. Þessi ósk er fram borin af tveimur höfuðástæðum:

1. Langflestir, ef ekki allir kostnaðarliðir í starfsemi Menningarsjóðs hafa hækkað síðan árið 1936 meira en verðlagsvísitalan gefur til kynna.

2. Starfsemi Menningarsjóðs hefur aukizt mikið, síðan 50 þús. kr. lágmarkstekjur sjóðsins voru ákveðnar, og mun vaxa enn á næstunni.

Til skýringar þessu fer hér á eftir yfirlit um starfsemi Menningarsjóðs og nokkur helztu verkefni í náinni framtíð.

Deildir sjóðsins eru þrjár: Bókadeild, náttúrufræðideild og listadeild. Til glegggra yfirlits verður vikið hér nokkuð að hverri deild fyrir sig.

### **Bókadeildin.**

Árið 1940 hóf Menningarsjóður í samvinnu við Hið isl. Þjóðvinafélag nýja og mjög umfangsmikla bókaútgáfu. Mönnum var gefinn kostur á að gerast félagar í útgáfunni fyrir mjög lágt gjald og fá í staðinn nokkrar bækur á ári. Með þessari starfsemi var stefnt að því að gera hverju einasta heimili á landinu fært að mynda sitt eigið bókasafn. Þessu nýja skipulagi var tekið mjög vel. Félagsmenn urðu strax

á 13. þús. talsins og hafa verið svo síðan. Er því sýnt, að útgáfan hefur náð mjög athyglisverðri útbreiðslu. Á s. l. 7 árum hafa félagsmenn fengið 38 bækur fyrir félagsgjaldið, sem á þessu tímabili hefur numið alls aðeins 110 kr. Þetta sýnir, að bækur útgáfunnar hafa verið mjög ódýrar, enda getur hún eigi fullnægt ætlunarverki sínu, nema hún bjóði mikinn og góðan bókakost við sem vægustu verði.

Hér skulu nefndar nokkrar af bókum útgáfunnar, bæði þær, sem þegar hafa verið gefnar út, og eins þær, sem eru í undirbúningi.

**Íslenzk úrvalsrit:** Í þessum flokki hafa verið gefnar út bækur eftir Jónas Hallgrímsson, Bólu-Hjálmar, Hannes Hafstein, Matthías Jochumsson og Grím Thomsen. Í undirbúningi eru úrvöl eftir Guðmund Friðjónsson og Stefán Ólafsson. Í hverri bók er ýtarleg ritgerð um skáldið og verk hans. Fullyrða má, að útgáfa þessara handhægu bóka glæðir áhuga fyrir lestri fagurra ljóða, ekki sízt meðal unglinga.

**Ársrit:** Hin gömlu og þjóðlegu ársrit, Andvari og Almanak Þjóðvinafélagsins, eru að sjálfsögðu meðal hinna árlegu félagsbóka. Rætt hefur verið um að stækka Andvara og gera hann fjölbreyttari að efni, en til þess þarf meiri fjárhæð en útgáfan hefur nú.

**Erlend skáldrit:** Reynt er að velja sigild skáldrit, sem geta sómt sér vel í bóka-söfnum heimilanna eftir tugi ára ekki síður en nú. Sem dæmi má nefna „Önnu Kareninu“ eftir Tolstoj. Skáldsagan „Tunglið og tieyringurinn“ eftir W. S. Maugham mun koma út á þessu ári. Einnig er í undirbúningi úrvalssafn norskra smásagna, sem væntanlega kemur út á næsta ári.

**Útgáfa fornrita.** Njáls saga og Egils saga hafa þegar verið gefnar út. Prentun Heimskringlu verður lokið á næsta ári. Þótti fara vel á því að gefa þá bók út í vandaðri almenningsútgáfu um sama leyti og Norðmenn heiðra með sérstökum hætti minningu Snorra Sturlusonar.

**Fræðslurit:** Í þeim flokki eru m. a. bækurnar Mannslikaminn og störf hans eftir Jóhann Sæmundsson lækni og saga síðustu heimsstyrjaldar eftir Ólaf Hansson menntaskólakennara. Heiðinn síður á Íslandi, bók um trúarlíf Íslendinga til forna, eftir mag. art. Ólaf Briem, hefur einnig verið gefin út af Menningarsjóði. Sú bók var ekki félagsbók, heldur seld gegn sérstöku gjaldi.

**Saga Vestur-Íslendinga:** Geta má þess, að Bókaútgáfa Menningarsjóðs annast aðalútsölu hér á landi á Sögu Íslendinga í Vesturheimi fyrir Þjóðræknisfélagið í Winnipeg og tekur ekki nein laun fyrir þá vinnu.

Af öðrum einstökum ritum skal nefna þessi:

**Saga Íslendinga:** Þetta á að verða heildarsaga þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar til vorra daga, alls 10 stór bindi, hvert um 30 arkir. Þrjú bindi eru þegar komin út. Kappkostað verður að hraða útgáfu þeirra, sem eftir eru.

**Hómerskviðurnar:** Hinar óviðjafnanlegu þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar eru nú ófáanlegar. Getur það ekki talizt vansalaust. Svo mikla þýðingu hafa þær haft fyrir íslenskt mál og menningu. Þeir Kristinn Ármannsson yfirkennari og dr. Jón Gíslason hafa því verið ráðnir til að sjá um vandaða útgáfu á Ilions- og Odysseifskviðu.

Er hin síðarnefnda nú í prentun.

**Heildarútgáfa á ritum Jóns Sigurðssonar:** Menntamálaráð litur svo á, að slík útgáfa væri veglegur og verðugur minnisvarði um hina miklu frelsishetju okkar Íslendinga. Gerð hefur verið lausleg athugun um stærð verksins. Ekki er hægt að segja enn, hvort úr framkvæmdum verður, þar sem útgáfa þessi yrði mjög kostnaðarsöm.

**Lýsing Íslands:** Þessi væntanlega nýja Íslandslýsing er stærsta fyrirtækið, sem Menningarsjóður hefur hingað til ráðizt í. Hún mun verða a. m. k. 10 bindi, 450—500 bls. að stærð hvert, í nokkru stærra broti en Saga Íslendinga. Í fyrsta og öðru bindi verður almenn lýsing á Íslandi og um myndun þess og ævi. Þriðja og fjórða bindi munu fjalla um þjóðhætti, fimmta til niunda bindi verða héraðslýsingar. Síðasta bindið verður um hálendið og flytur auk þess efnisyfirlit. Steindór Steindórsson menntaskólakennari er ritstjóri alls verksins.

Samtímis Íslandslýsingunni er í ráði að semja og gefa út allsherjar lýsingu sögustaða, svipaða þeirri, sem Kaalund ritaði á síðustu öld. Staðalýsing þessi mundi ná til ársins 1874. Í henni yrði notaður allur sá fróðleikur, sem fram hefur komið um þetta efni, síðan Kaalund samdi lýsingu sína. Slík söguleg staðalýsing ætti að geta orðið virkur þáttur í því að tengja hina uppvoxandi kynslóð við land sitt.

Ýmis fleiri rit eru í undirbúningi á vegum Menningarsjóðs, þótt ekki sé rúmsins vegna vikið að þeim hér.

Þetta stutta yfirlit sýnir, hvert stefnt er með starfsemi bókaútgáfunnar. Það er augljóst mál, að slík starfsemi krefst meiri fjárstyrks en hún nýtur nú, ef hún á ekki að falla niður eða lamast stórkostlega.

#### Náttúrufræðideildin.

Markmið þeirrar deildar hefur frá öndverðu verið að styrkja náttúrufræðinga til rannsóknarferða um landið. Á síðustu árum hafa þessar ferðir orðið mörgum sinnum dýrari en áður vegna stóraukins ferðakostnaðar. Náttúrufræðingum, sem hafa með höndum hagnýtar, vísindalegar rannsóknir, hefur einnig fjölgað mikið. Þörfin fyrir styrki til rannsóknarferða hefur því margfaldast frá því, sem áður var, þótt gætt sé fyllsta sparnaðar um styrkveitingar. Þess skal sérstaklega getið um styrki þá, sem menntamálaráð veitir vegna rannsókna, að þeir eru einungis ferðastyrkir. Menntamálaráð greiðir vísindamönnum ekki kaup fyrir rannsóknirnar, heldur hjálpar þeim aðeins til að greiða nauðsynlegan ferðakostnað.

Á undanförunum árum hafa verið framkvæmdar ýmsar merkilegar rannsóknir, sumpart fyrir styrkveitingar úr náttúrufræðideild Menningarsjóðs. En það er ekki nóg að gera slíkar rannsóknir. Árangur þeirra þarf að birta, svo að hann geti komið almenningi að notum.

Það er íslenzku þjóðinni bæði til vansa og tjóns, að ekkert yfirlitsverk um náttúru landsins skuli hafa verið gert, síðan Íslandslýsing Þorvaldar Thoroddsen var samin nokkru eftir síðustu aldamót. Síðan hafa margir ágætir íslenskir vísindamenn rannsakað landið, og nú hefur þjóðin á að skipa margföldum mannafla til náttúruvannsóknna, samanborið við það, sem áður hefur verið. Þessir menn verða að leggja saman í eina vandaða Íslandslýsingu.

Hér hefur þegar verið minnst á hina fyrirhuguðu Íslandslýsingu menntamálaráðs. Í henni á að sameina þá þekkingu, sem til er um Ísland og íslenzku þjóðina. Þar verður gerð grein fyrir meginatriðunum í náttúrufræði landsins, samin lýsing á atvinnuháttum og lífi þjóðarinnar og héraðslýsingar við alþýðuhæfi.

Undirbúningskostnaðinn við útgáfu Íslandslýsingarinnar verður að taka að nokkru leyti úr bókadeildinni. Hann mun þó að verulegu leyti koma á náttúrufræðideildina. Sérstakar rannsóknir verður að gera vegna útgáfu þessa verks, og ekki má hefta nauðsynlegar rannsóknarferðir með því að neita um styrki til þeirra.

Menntamálaráði er ljóst, að það hefur ráðizt í mikið og erfitt verk með því að gefa út þessa Íslandslýsingu. En mál þetta er tekið upp vegna þess, að sjálfstæð þjóð getur ekki sámdar sinnar vegna látið slíkt undirstöðuverk óunnið. Jafnframt er augljóst, að eigi þetta mikla menningarmál ekki að stöðvast í miðjum klíðum, verður að tryggja Menningarsjóði öruggari tekjur en hann hefur nú.

#### Listadeildin.

Á undanförunum árum hefur starf listadeildarinnar einkum beint að því að styrkja þá listamenn, sem eru efnilegir, en átt hafa erfitt með að koma verkum sínum í verð. Jafnframt hefur verið unnið að því, að ríkið eignaðist það úrval íslenskra listaverka, sem dygði til þess, að hér gæti orðið til listasafn, sem sýndi það bezta, er íslensk myndlist hefur að bjóða. Er þetta í samræmi við lögin um Menningarsjóð.

Siðan peningavelta óx hér á landi, hefur verið listaverka margfaldast. Vegna þessa hefur menntamálaráð oft átt erfitt með að kaupa ýmis þau listaverk, sem verið hafa á boðstólum og mestur fengur hefði verið að fyrir væntanlegt listasafn.

Fjárráð listadeildarinnar hafa verið og eru allt of lítil til þess, að hún geti keypt það úrval íslenzkra listaverka, sem nú er bezt fáanlegt á ári hverju. En auk þess er sjáanlegt, að útgjöld listadeildarinnar munu með nýjum verkefnum aukast mjög á næstu árum frá því, sem nú er.

Meginhluti þeirra listaverka, sem ríkið á og eiga að verða uppistaða í listasafninu, þegar það fær húsnæði, eru nú dreifð í skólum og öðrum opinberum byggingum víðs vegar um landið, og sum þeirra eru jafnvel erlendis. Þegar hið væntanlega húsnæði listasafnsins er fullbúið, verður að safna öllum listaverkunum saman og velja síðan úr þeim það, sem á að vera að staðaldri til sýnis í safninu. Menntamálaráð telur einnig rétt, fyrst listaverkunum verður safnað saman hvort sem er, að efna til umferðasýninga á úrvali þeirra í helztu kaupstöðum landsins. Slikar sýningar yrðu hafðar svo sem 1—2 vikur á hverjum stað. Með þessu móti væri af hálfu ríkisins gert það, sem með sanngirni er hægt að gera ráð fyrir, til þess að alþjóð fengi yfirlit um hið bezta og lærdómsríkasta í íslenzkri myndlist. En uppeldisáhrif góðrar myndlistar eru svo þýðingarmikil og almennt viðurkennd, að um þau þarf ekki að fjölyrða.

Öllum mun ljóst, hversu það er þýðingarmikið fyrir álit þjóðarinnar út á við, að vel takist um val þeirra mynda, sem settar verða á listasafnið. Þegar þeim listaverkum, sem ríkið á, hefur verið safnað á einn stað, má gera ráð fyrir, að í ljós komi, að mikið skorti á, að úrval þeirra gefi eins góða og rétta mynd af íslenzkri myndlist og hægt væri. Af þeim sökum yrði sem fyrst að bæta við verkum frá þeim listamönnum vorum, sem kunna að hafa orðið út undan við kaup og söfnun listaverka fyrir ríkið á undanförnum árum.

Þegar litið er á þau atriði, sem hér hefur verið lauslega dregið á, mun ljóst vera, að hið aukna framlag til listadeildarinnar, sem hér er farið fram á, er sízt of hátt.

Fyrir kynningu íslenzkrar menningar er ekkert, sem gefur skjótari árangur en hið bezta, sem myndlistarmenn vorir hafa lagt af mörkum til íslenzkrar menningar á undanförnum árum.

Nú hefur verið gefið yfirlit um starfsemi hinna þriggja deilda Menningarsjóðs. Má af því verða ljóst, að sjóðurinn þarfnast meira starfsfjár, til þess að hann geti sinnt hinu mikla og margþætta hlutverki sínu. Er það með öllu óviðunandi, að hinar árlegu tekjur sjóðsins séu háðar brotum á áfengislöggjöfinni.

Með skírskotun til þessa væntir menntamálaráð, að breytingartillögur þess við 1. gr. þyki hóflegar og nauðsynlegar vegna þeirrar starfsemi, sem Menningarsjóði er ætlað að efla og styrkja.

#### Um 2. gr.

Reynslan hefur sýnt, að innheimtu á tekjum Menningarsjóðs er ekki lokið fyrr en um eða eftir mitt ár eftir á. En að sjálfsögðu er ekki hægt að skipta tekjum sjóðsins frá s. l. ári fyrr en þeirri innheimtu er lokið. Hér er því lagt til, að ákvæðið um að skipta tekjunum í apríl verði fellt niður. Þessi skipting er í rauninni ekkert annað en bókhaldsatriði og er að sjálfsögðu framkvæmd hverju sinni, þegar reikningar sjóðsins eru greiddir.

#### Um 7. gr.

Hér er gerð tillaga um, að reikningar Menningarsjóðs verði endurskoðaðir í aðalendurskoðun ríkisins. Er sú tilhögun eðlileg. Sú venja hefur líka þegar skapast að láta endurskoða þar hina sérstöku reikninga Bókautgáfu Menningarsjóðs.